

## GJALDSKRÁ

### fyrir vatnsveitu Hrunamannahrepps.

#### 1. gr.

Vatnsgjald er 0,27% af fasteignamati íbúðarhúsa og lóða, þó að hámarki 60.000 kr. og að lágmarki 29.500 krónur.

Vatnsgjald atvinnuhúsnæðis skal vera 0,15% af fasteignamati þó að lágmarki 70.000 kr.

Vatnsgjald sumarhúsa skal vera 29.500 krónur.

#### 2. gr.

Lágmarksheimæðagjald vatnsveitu í þéttbýlinu við Flúðir er kr. 218.928 m.v. 25 mm þvermál rörs og allt að 25 metra lengd heimæðar. Gjöldin miðast við að ídráttarrör fyrir heimlagir hafi verið lagt á frostfrítt dýpi frá tengistað við lóðamörk að inntaksstað mannvirkis og að lega og frágangur ídráttarrörsins hafi verið tekin út af starfsmönnum veitunnar. Miðað skal við að lengd heimæðar fari ekki yfir 25 m. Fyrir lengd umfram 25 m greiðist viðbótargjald.

Heimæðargjaldið hækkar í samræmi við aukinn sverleika og/eða lengd heimæðar sem hér segir:

Þvermál rörs	Verð kr.	Verð á metra umfram 25 m, kr.
25 mm	218.928	3.681
32 mm	295.326	3.809
40 mm	383.910	5.414
50 mm	518.293	5.999
63 mm	725.585	6.672
70 mm	1.052.098	7.464

#### 3. gr.

Í fyrirtækjum og annars staðar þar sem vatn er notað til annars en venjulegra heimilisþarfa, vegna atvinnu, sem í þeim er rekin, skal auk vatnsgjalds greiða sérstakt gjald, notkunargjald. Notkunargjald skal notandi að jafnaði greiða samkvæmt notkun vatns mældri í rúmmetrum. Notkunargjald er 24 kr./m<sup>3</sup>.

Fyrir rennismæla skal árlega greidd mælaleiga eftir stærð mælis:

15 mm	8.308 kr.
20 mm	8.460 kr.
25 mm	10.890 kr.
32 mm	12.194 kr.
50 mm	17.957 kr.
80 mm	47.000 kr.

#### 4. gr.

Stofngjöld utan þéttbýlis skal reikna sérstaklega og miðað við að þau standi undir þeim kostnaði sem af verkinu hlýst. Landeigandi greiðir þann kostnað sem hlýst af tengingu kalds vatns inn á svæðið eða að býli.

Að auki skal landeigandi greiða 28.120 kr. á skipulagða lóð og lögbýli skal greiða 135.026 kr.

Við upphaf verksins skal greiða 65% af kostnaðaráætlun verksins og 35% greiðist þegar lagningu er lokið.

#### 5. gr.

Gjalddagar vatnsgjalds eru þeir sömu og ákveðnir eru fyrir fasteignagjöld og skal innheimtu hagað á sama hátt og innheimtu fasteignagjalda.

6. gr.

Heimæðagjald miðast við byggingarvísitölu og uppfærast á hverju ári. Byggingarvísitala í október 2012 er 577,1 stig.

7. gr.

Gjaldskrá þessi var samþykkt af veitustjórn Hrunamannahrepps þann 26. október 2012 og hreppsnefnd Hrunamannahrepps þann 1. nóvember 2012 í samræmi við heimild í 10. gr. laga nr. 32/2004 um vatnsveitur sveitarfélaga, 11. gr. reglugerðar um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 401/2005 og III. kafla vatnalaga nr. 15/1923. Gjaldskrá þessi tekur gildi við birtingu og þá fellur úr gildi gjaldskrá vatnsveitu í Hrunamannahreppi nr. 1196/2011.

*Hrunamannahreppi, 26. nóvember 2012.*

**Jón G. Valgeirsson** sveitarstjóri.

---

B-deild – Útgáfud.: 10. desember 2012